

ÉG MAN EKKI

SKÓLABLAÐ 6. BEKKJAR HÁALETISSKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2013-2014

ANNA AXEL ÁSRÚN ÁSTÞÓR BRYNDA DANIEL EMILÍA ERNA GUNNAR HÁKON JULIA JÚLÍA
KATRÍN KATRÍN KRISTJÁN MIKAEL NADJA OLGA OTHAR SÍGRÍÐUR STEINAR SYLVÍA
TINNA VESTEINN ÞÓRHILDUR





EFNISYFIRLIT

BLS.

4. ENID BLYTON

6. ÁSGEIR VALUR SNORRASON SVÆFINGAHJÚKRUNARFRÆÐINGUR

8. GLENS OG GRÍN

9. HJÓNABANDSSÆLA

10. KENÝA

12. ANDRI SNÆR MAGNASON

14. OFURHETJUR FRAMTÍÐARINNAR

16. SVERRIR ÞÓR SVERRISSON

18. VIÐ MÆLUM MEÐ

20. 6. EBS



ENID BLYTON Sigríður Rakel Gunnarsdóttir

Enid Mary Blyton (11. ágúst 1897-28. nóvember 1968) var breskur barnabókarithöfundur sem er bæði þekkt sem Enid Blyton og Mary Pollock. Hún var einn vinsælasti barnabókarithöfundur 20. aldar.

Enid Blyton skrifaði fjölmarga bókaflokkum um sömu persónurnar. Bækur hennar eru þekktar um allan heim og hafa selst í yfir 600 milljónum eintaka. Enid er fimmti mest þýddi rithöfundur í heimi og eru yfir 3544 þýðingar bóka hennar fáanlegar samkvæmt Index Translationum UNESCO (2007). Ein þekktasta persóna hennar er Doddi (e. *Noddy*), en bækurnar um hann voru samdar fyrir börn sem eru að læra að lesa. Upprunalegu Dodda bækurnar voru 24 en þær hafa síðan verið gefnar út í ýmsu formi og einstakir kaflar oft sem smábækur.



Þekktustu verk hennar eru skáldsögur fyrir börn, þar sem börnin sjálf lenda í ævintýrum og takast á við ráðgátur og sakamál og leysa án aðstoðar fullorðinna. Slíkar voru til dæmis *Ævintýrabækurnar* (e. *Adventure series*), en af þeim komu út 8 bækur á árunum 1944-1950 og fjalla þær um fjögur börn og páfagaukinn Kíkí. Þær skera sig úr að því leyti að helmingur þeirra gerist utan Englands. Fimm bækurnar (e. *Famous Five*), sem eru alls 21 bók, eru skrifaðar á árunum 1942-1963, og fjalla um fjögur börn og hundinn þeirra. Dularfullu bækurnar (e. *Five Find-Outers and Dog*), 15 bækur eru skrifaðar á árunum 1943-1961, en í þeim skjóta fimm börn þorpslögreglumanni-

num Gunnari stöðugt ref fyrir rass. *Leynifélagið Sjö saman* (e. *Secret Seven*), 15 bækur árin 1949-1963, fjallar um félag sjö barna sem leysa sakamál, og *Ráðgátu bækurnar* (e. *The Barney Mysteries*), 6 bækur árin 1949-1959, eru sögur um þrjú börn og vin þeirra á unglingsaldri sem leysa ráðgátur.

Af öðrum bókum hennar sem komið hafa út á íslensku má nefna *Baldintátu bækurnar* (e. *The Naughtiest Girl*) og svo Dodda bækurnar.

Bækurnar eftir Enid Blyton voru og eru enn geysilega vinsælar á Bretlandi og í fjöldamörgum öðrum löndum og hafa verk hennar verið þýdd á yfir 90 tungumál. Fyrsta bók hennar sem þýdd var á íslensku kom út árið 1945 nefnist *Sveitin heillar* og var úr flokknum um *Leynifélagið sjö saman*. Það var þó ekki fyrr en útgáfa *Ævintýrabókanna* hófst árið 1950 sem Enid Blyton varð alþekkt meðal íslenskra barna og náðu bækurnar miklum vinsældum.

Helstu óvinir Dodda voru upprunalega svertingjadúkkur en í nýlegum sjónvarpsþáttum koma önnur leikföng í stað þeirra. Hlutverkaskipting



breytingar á textanum til að draga úr þessum viðhorfum.

Árið 2009 gerði BBC sjónvarpsmyndina Enid sem er um ævi rithöfundarins og lék Helena Bonham Carter höfundinn. Myndin var frumsýnd 16. nóvember 2009.

er líka skýr, stelpurnar elda og þvo upp, strákarnir leggja sig í hættu þótt á því séu undantekningar eins og Georg(ina) í Fimm-bókunum, sem klæðir sig og hagar sér eins og strákur og lætur kalla sig strákanafni. Flestar stelpurnar eru þó fullkomlega sáttar: *Anna horfði aðdánunaraugum á Jonna. En sá munur að vera strákur!*

Stéttaskiptingin miðast líka við breskt samfélag á fyrri hluta 20. aldar. Söguhetjur Enid Blyton eru allar af miðstétt, fólk af lægri stéttum er yfirleitt óheflað og fáfrótt. Á seinni árum hafa útgefendur bóka Enid Blyton stundum gert



6



ÁSGEIR VALUR SNORRASON SVÆFINGAHJÚKRUNARFRÆÐINGUR Anna Lilja Ásgeirsdóttir

Hvað er það erfiðasta sem þú hefur gert við að hjúkra fólki?

Mér finnst erfiðast þegar um er að ræða veik börn eða börn sem lenda í slysum.

Hvað ertu aðallega að gera í vinnunni?

Ég vinn á svæfingadeildinni og á gjörgæslunni. Ég er svæfingahjúkrunarfræðingur en þeir vinna við svæfingar á fólki. Svæfingalæknir og svæfingahjúkrunarfræðingur vinna saman við svæfinguna og eru alltaf báðir eða bæði inni á skurðstofunni þegar sjúklingur er svæfður eða vakinn. Meðan á aðgerðinni stendur er svæfingahjúkrunarfræðingurinn inni á skurðstofunni og passar að sjúklingurinn sofi vel, að honum líði vel, fái passlega mikil verkjalyf. Það þarf að passa blóðþrýstinginn, hjartslátt og að öndunin sé nógu góð. Það þarf að fylgjast með því að sjúklingurinn fái nógu mikinn vökva og ef blæðir þarf stundum að gefa sjúklingnum blóð.

Hvernig finnst þér starfið?

Það er með því skemmtilegasta sem ég veit. Skemmtilegast finnst mér að vera með stelpunum mínum. Þannig er vinnan það næst skemmtilegasta sem ég geri.

Hvenær byrjaðir þú í vinnunni?

Ég kláraði hjúkrunarnámið fyrir 25 árum. Ég lauk námi í svæfingahjúkrun fyrir 22 árum og hef unnið við svæfingahjúkrun síðan.

Í hvaða starfi varst þú í áður en þú byrjaðir í hjúkrun?
Ég var í skóla en vann líka á Kópavogshæli sem var heimili fyrir þroskaheft fólk. Þar áður vann ég sem bakaradrengur og verkfæratöskuberi og sérlegur aðstoðarmaður raðvirkja (sem var pabbi minn).

Hvað finnst þér léttast í starfinu þínu?

Léttast finnst mér að vera á vaktinni þegar ekkert er að gera, sitja á kaffistofunni og spjalla við samstarfsfólkið. Skemmtilegast finnst mér þegar maður er að vinna við erfiða aðgerð en hópurinn vinnur svo vel saman að allt gengur vel.

Hvað ertu búin að vera í mörg ár í hjúkrun?

Ég kláraði hjúkrun fyrir 25 árum en á meðan ég var að læra vann ég í frium og meðfram skólanum við hjúkrunarstörf, fyrst á Kópavogshæli en síðan á Landakotsspítala og á Landsspítala. Þannig má segja að ég hafi unnið við hjúkrun eða skyld fög í 29 ár.

Eru margir karlar í hjúkrun?

Það útskrifast venjulega tveir karlkyns hjúkrunarfræðingar á ári. Fyrir nokkrum árum var þetta athugað og þá voru 60 karlhjúkrunarfræðingar á Íslandi en þeir eru fleiri nú, sennilega nær 70.

Mælir þú með því að fara í hjúkrun?

Svo sannarlega. Þetta er mjög skemmtileg vinna sem veitir mikla ánægju. Það er gott að geta látið gott af sér leiða.

GLENS OG GRÍN

Steinar Þór, Bryndís Arna og Emilía Rán

Einu sinni voru mús og fill að ganga niður Laugarveginn og þá söng músin endalaust: Ég er að ganga niður Laugarveginn, Laugarveginn, ég er að ganga niður Laugarveginn. Þá sagði fillinn: Ef þú syngur þetta lag einu sinni enn þá pissa ég á þig. Og músin byrjaði aftur að syngja og þá pissaði fillinn á músina og þá söng hún: Mér finnst rigningin góð.

Hvað er ljótt og drekkur vatn á hvolfi?
(Skrímsli að losna við hiksta).

Kona ein átti barnabarn sem kom heim með nýjan kærasta. Þegar kærastinn var farinn spurði stelpa ömmu sína hvernig henni litist á hann. Amman svaraði: „Ef hann væri sokkur og ég hefði þrjónað hann þá hefði ég nú rakið hann upp.“

Einu sinni var maður sem var svo mjór að hann þurfti að hlaupa um í sturtunni.

Einu sinni var maður sem var svo lítill að hann var með táfýlu í hárinu.

Legubekkur til sölu hjá gamalli konu með bogið bak og snúnar lappir sem hægt er að draga sundur og saman.

Hefur þú heyrt um strákin sem var svo duglegur að teikna að hann fékk teiknibólur?

Ég lá uppi í rúmi um daginn og horfði á stjörnum. Var að velta því fyrir mér hvar í andskotanum þakið væri.

Svakaleg frétt í útvarpinu. Sendiferðabíll hlaðinn skallameðali valt á Miklubraut í gær og allur farmurinn fór í götuna. Síðustu fréttir eru að lögreglan er að kembera svæðið.

Hvað heita afkvæmi kinda og bartrjáa?
(Kóngul ær).

Hvað kallast einhyrningur með þrjú horn?
(Þríhyrningur).

Ef Þjóðverjar hefðu haft sigur í seinni heimsstyrjöldinni, þá þyrftu Skotar að ganga í SS-pilsum.

Ef Justin Timberlake væri með morgunkorn myndi það kallast Justin Timberflakes.

Veistu af hverju Batman fékk alltaf tíu í leikfimi? Af því hann gleymdi aldrei búingnum sínum.

Allir strákarnir sváfu vel í tjaldinu fyrir utan Skúla, han var notaður sem súla.

Um þarsíðustu áramót ákvað ég að létta mig um 10 kg. Nú eru bara 14 kg eftir svo er málið dautt.

Hvað heitir næstbesti spretthlaupari Finnlands?
(Narti Hælana).

Hvað heitir finnski jólasveinninn?
(Takka Fyrir Allapakkanna).

Hvað heitir besti meindýraeyðir Finnlands?
(Hakkalla Kakkalakkana).





HJÓNABANDSSÆLA

Emilía Rán

3 bollar haframjöl
2 bollar hveiti
1 bolli púðursykur
250g smjör
2tsk lyftiduft
Rabarbarasulta

Smjörið er hrætt með sykrinum, hveiti og lyftiduft er sáldrað og blandað í ásamt haframjölinu. Deigið er hnoðað. Helmingur deigsins er látinn í bökunarform, sultunni er smurt yfir og hinn helmingurinn látinn yfir. Allt er bakað við 175-200 gráður í 30-45 mínútur.

KENÝA Katrín Ósk Einarssdóttir

Ég á frænda sem heitir Stefán og hann vinnur í Kenýa. Þar sér fyrirtækið sem hann vinnur hjá um að setja saman raforkuverk inni í þjóðgarði sem heitir Hells Gate. Í Hells Gate er mjög mikið af viltum dýrum og þau algengustu eru gíraffar, zebrahestar, villisvín og bavianar. Þegar hann og vinnufélagar hans keyra heim á kvöldin sjá þeir stundum hýenur sem eru að leyta af auðveldri bráð í myrkrunu. Þeir búa næstum 30 km frá vinnustaðnum í gömlu húsi við lítið stöðuvatn þar sem krökkt er af flóðhestum og flammíngóm. Flóðhestar geta verið mjög hættulegir. Þeir halda sig úti í vatni á daginn en fara upp úr á nóttunni til að éta gras. Þeir geta ekki verið uppi á landi á daginn því þeir þola illa sól og sólbrenna mjög auðveldlega. Það er því ekki ráðlagt að vera á kreiki á nóttunni þar sem við búum. Þeir heyra vel í flóðhestunum þegar þeir fara að sofa ásamt öðrum dýrum eins og leðurblökum og öpum. Það tekur svolitinn tíma að venjast þessu. Það er mjög gaman að sjá svona dýr í sínu eiginlega umhverfi.




Börn á leið í skólann í bílnum þeirra.



Gíraffar á veginum.

Þar sem þeir búa þurfa börnin sjálf að ganga í skólann og er það oftast en ekki meira en tíu kílómetra yfir sléttur og hæðir þar sem margar hættur leynast. Dýr eins og vísur, villisvín, gíraffar og ljón ganga villt um og eltraðar slöngur liggja í laumi bak við grjót og í sprungum. Frá apríl fram í júní er síðan rigningartímabil. Þá verða svo miklar hellidembur að vegir skolast í burtu á augabragði og það er nærri ómögulegt að vera utandyra vegna rigningu og bleytu. Í skólanum sem hann hefur heimsótt er ekki notað rafmagn til þess að lýsa upp skólastofurnar heldur er eingöngu treyst á sólarljósið. Þar eru því engar tölur heldur. Í staðinn fara börnin út í ýmsa leiki, dansa og syngja.

Í nágrenni við húsið þeirra búa mörg börn og þeir reyna að keyra eins mörg börn í skólann á morgnana eins og þeir geta. Það eru stundum sjö börn í bílnum með þeim ásamt þeim fjórum fullorðnum. Sem betur fer erum þeir oft með fleiri en einn bíl, en þá koma bara fleiri börn með. Börnin þurfa þá ekki að labba í gegnum dýrahjarðir á leiðinni í skólann þegar þeir eru á svæðinu.



Morgunfúll flóðhestur í vatninu við húsið.



Börn að leika sér með heimasmiðaða bíla,
búnir til úr rusli.



ANDRI SNÆR MAGNASON

Hákon, Vésteinn Veigar, Ástþór Atli, Gunnar Steinn og Axel Harry

Fimmtudaginn 12. desember 2013 kom Andri Snær Magnason rithöfundur í heimsókn í skólann. Andri Snær kynnti fyrir nemendum nýjustu bókina sína sem heitir Tímakistan. Andri Snær hefur gefið út nokkrar bækur. Helst er að nefna ljóðabækurnar Ljóðasmygl og skáldarán og Bónusljóð, smásagnaheftið Engar smá sögur, barnabókina Blái Hnötturinn og svo Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð.

Við fimm, Hákon, Vésteinn Veigar, Ástþór Atli, Gunnar Steinn og Axel Harry ákváðum að fá Andra í smá spjall.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn Andri?
Hangikjöt.


En litur og tala?
Það er blár og talan 73.

En uppáhaldsrithöfundur og bók?
Það er Astrid Lindgren, hún skrifaði söguna Bróðir minn Ljónshjarta. Hún er uppáhaldsbókin mín.

Um hvað fjallar nýjasta bókin þín?
Hún fjallar um brjálaðan konung sem er búinn að sigra tímann.

Hvenær skrifaðir þú bókina?
Ég fékk hugmyndina árið 2002 og skrifaða hana að mestu árið 2010.

Er gaman að vera rithöfundur?
Já, það er fjölbreytt og skemmtilegt starf.



OFURHETJUR FRAMTÍÐARINNAR


GANGSTERINN

Hann \$
rappar
og
rotar
óvininn
með
takföstu
rappinu.




BRENNIVARGURINN

Hann
getur
búið
til
og
stjórnað
eldi.



MINIMAN

Hann
bítur
hendur
af
og
flýgur.



ADOLF KROPPARINN

Hann
kroppar
augun
úr
óvininum.



ÍSARLINN

Hann
frystir
fólk
og
kastar
íssprengjum.




RUKKMANN

Hann
rukkar
fólk
og
sektar.



HERRA NAMMI

Hann
bjargar
fólki
og
getur
breytt
öllu
í nammi.



MR. FATBOY

Hann
getur
kæft
með
bumbunni
og
prumpar
svefngasi.



BUMBÓ

Hann
skýtur
mönnum
í
burtu
með
bumbunni
og
getur
lengt
hendur
og
fætur.





SVERRIR ÞÓR SVERRISSON

Nadja Oliversdóttir og Þórhildur Helga A. Schepsky

Hverjir eru kostir/ókostir við að vera frægur?
Kostirnir eru að maður fær oftast gott viðmót frá fólki og fullt af friu dóti. Gallarnir eru að stundum verður maður fyrir áreiti eins og til dæmis krakkar að gera símaat.

Hver er uppáhaldsliturinn þinn?
Blár.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?
Nautalund eða humar.

Hvað langaði þig að verða þegar þú varst lítill?

Eitthvað sem krafðist þess að maður þyrfti að vera í búning, til dæmis lögregla eða slökkviliðsmaður.

Í hvaða skóla varstu?

Breiðholtsskóla, yndislegur skóli.

Hvað heita bestu vinir þínir?

John, Þrándur, Eiður og Villi





Hver er uppáhaldshljómsveitin þín?
Útlensk er það Rolling Stones en íslensk er það Ný dönsk.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?
Angie með Rolling Stones og frelsið með Ný dönsk.

Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir að verða frægur?
24 ára.

Hvað hefur þú leikið í mörgum þáttum?
Átta.

Hver er uppáhaldstalan þín?
Níu.

Kemur önnur mynd af Algjör Sveppa myndunum?
Vonandi.

V

MANCHESTER

I

Ð

Í Manchester er gott fótboltalið sem heitir Manchester United. Bestu leikmennirnir í því heita Rooney, Persie og Mata. Ég fór á leikinn Manchester - Arsenal. Manchester vann 2 - 1. Evra og Persie skoruðu fyrir Manchester og Cazorla fyrir Arsenal. Ég fór með afa, pabba, bróður mínum og tveimur frændum mínum á leikinn. Ég verslaði mikið og fékk góðan mat. Ég fór á Hard Rock og síðan hitti ég Persie í bíó.

Othar Örn

M

Æ

WWE

L

U

M

Wrestling er tölvuleikur. Það geta verið sex í honum í einu. Bestu karlamir mínir eru John Cena, Undertaker, Mark Henry, The Rock og Ray Mysterio. Það er hægt að búa til karla og velli. Það er líka hægt að keppa fjórtíu inná vellinum og svo getur maður unnið karla með því að vinna borð. Maður getur líka tekið skóflu, borð, stiga, hafnarboltakylfur og stól og slegist með því. Maður getur líka hent körlum á borð. Einnig er hægt að keppa í búri.

Vésteinn Veigar

M

THE GREAT KHALI

E

The Great Khali er sjúklega flottur gaur. Hann er wrestling gæi sem kremur hausa.

Axel Harry

Ð

SVÍPJÓÐ

Svíþjóð er mjög stórt land, það er með tvö tívolí og höfuðborgin heitir Stokkhólmur. Í Svíþjóð er stærsti fallturn í heimi.

Þar er mjög gaman og mikið af eplatrjám þannig að það er hægt að týna epli út um allt.

Hákon

Í Stokkhólmi er fullt af skemmtilegum stöðum. En skemmtilegast af öllum er Gröna Lund fyrir krakka á öllum aldri. Þar eru fjórir rússíbanar sem heita Wild Mouse, Twister og fleira. Þar er líka draugahús og fullt af tívolíleikjum, til dæmis á maður að kasta bolta og ef maður hittir þá fær maður risastóran bolta. Síðan eru tæki fyrir litla krakka eins og hringekja. Ég mæli með ferð til Stokkhólms í Svíþjóð. Það er best í Gröna Lund þar.

Kristján Ólafur

FLAPPY BIRD, LOS ANGELES

Flappy Bird er svolítið tregur en samt skemmtilegur. Ég hef farið til tuttugu og fimm landa, uppháldsborgin mín er Los Angeles.

Daniel Vias



SIX FLAGS

Farðu til Los Angeles og farðu í Six Flags. Þar er stærsti, hroðalegasti og hraðasti rússíbaninn. Ég mæli með Six Flags.

Pegar ég fór í hroðalegasta þá fór ég lengst upp og niður síðan í tvo hringi gegnum eldhring og í göng í jörðinni. Superman er hraðasti rússíbani í heimi en í Six Flags er sér staður þar fyrir börn. Þar er falltum, rússíbanaskip sem fer upp og niður, rólur og fleira.

Gunnar Steinn

DANMÖRK, SPÁNN, NEED FOR SPEED, JAMES BOND, KICK ASS 2

Ég hef farið til Danmerkur og það er mjög gaman. En það þurfa allir að fara til Spánar. Það er geðveikt gaman. Allskonar að gera.

Need for speed er mjög skemmtilegur og það geta allir spilað hann, ef þú kaupir hann þá mæli ég mjög með honum.

James Bond myndirnar eru mjög spennandi og mæli ég með þeim. Þá er Kick Ass 2 mjög spennandi og skemmtileg mynd.

Mikael Máni



Komdu til Danmerkur og farðu í Tívolið í Kaupmannahöfn. Þar er mjög stór falltum og stór rússíbani og í Kaupmannahöfn er líka dýragarður.

Í Billund í Danmörku er Legoland, þar er stórt hótél, Hótél Legoland. Þar er allt fullt af stóru Legói, til dæmis stór dreki og mjög margir Legókarlar. Í Lególandi er gaman, þar getur maður farið í svona nokkum veginn bát með átta sætum og er í vatni. Maður rennur í vatninu og maður fer svo í lyftu upp í rennibraut í bátum og rennir sér svo mjög hratt niður og verður smá blautur. Ég mæli með því að fara til Danmerkur í Tívoli og Lególand og fleira. Það er mjög gaman og ég mæli með því.

Ástþór Atli

Í Kaupmannahöfn er stórt tívoli sem er í Kaupmannahöfn. Þar inni eru mörg tæki sem eru skemmtileg. Þar er líka hús með gólf sem hristist og meira sem hrekkir mann líka. Í tívolinu er róla sem fer hátt upp og þá sér maður allt tívolið. En í Danmörku er líka Legoland. Þar eru líka stór tæki. Þar er stór útsýnistum sem og sést þaðan um allan garðinn. Þar er stór slökkviliðsbíll sem slekkur eld í húsum. Þar eru líka bátar þar sem hægt er að sprauta vatni á annað fólk.

Þar í Danmörku er stór verslunamiðstöð með mörgum búðum. Þar eru líka lestar út um alla Danmörku. Ég mæli með að fara þangað, það er mjög skemmtilegt.

Steinar Þór

6. EBS



20







haaleitisskoli.rv.kis
maí 2014